

EFTIRLITSSKÝRSLA

Fagradalsbleikja ehf. Fagradal, Vík



Dags eftirlits	12.4.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Fagradalsbleikja ehf.	Eftirlitsmaður	Gottskálf Friðgeirsson
Heimili	Fagradal	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	490689-2149	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Jónas Erlendsson	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Ragnhildur Jónsdóttir	Staðsetning	63.429866 -18.914439

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði í 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í reglubundið eftirlit í fiskeldi Fagradalsbleikju ehf. sem staðsett er austan Víkur í Mýrdal. Nýtt starfsleyfi rekstraraðila er frá 24. mars 2022 og hefur ekki verið komið í eftirlit síðan það var gefið út.

Fagradalsbleikja ehf. var, 30 mars 2022 skráð hjá Matvælastofnun sem fyrirtæki í fiskeldi, skráninganúmer FE-1192. Lóð Fagradalsbleikju ehf. er ekki deiliskipulögð.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið hófst á fundi. Mætt voru Jónas Erlendsson og Ragnhildur Jónsdóttir frá Fagradalsbleikju ehf. og Gottskálf Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun.

Dagskrá:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti.
- Farið yfir starfsleyfið.
- Eftirlitsmælingar og skráningar.
- Áætlanir.
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna.
- Áhersluverkefni Umhverfisstofnunar um mengaðan úrgang.
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Önnur mál, atvik, breytingar, umgengni, óhöpp og kvartanir.

1. Sest var niður með rekstraraðilum. Öllum eldri frávikum hefur verið lokað.

2. Nýtt starfsleyfi setur skilmerkilegar kröfur. Nú var farið yfir helstu kröfur í starfsleyfinu. Þrjár skriflegar áætlanir skulu liggja fyrir, áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar, neyðaráætlun og áætlun um meðhöndlun úrgangs. Ekki er gerð athugasemd við áætlanir. Taka skal sýni og mæla svifagnir, lífrænt efni árlega, en heildarfosfór og heildarköfnunarefni í vatni við inntak í stöðina og í útrás frárennslis tvisvar á ári, mæla skal við hámarksfóðrun og þegar fóðrun er í lágmarki. Hægt er að sækja um að sýnatökum og mælingum sé fækkað ef í ljós kemur að áhrif eldisins á vatnsgæði eru lítil.

Eldisvatn skal nýta eins vel og hægt er og reikna út losun næringarefna í viðtakann.

Gerð er krafa um gagnaskil. Skila skal ársyfirliti og umhverfisupplýsingum (Grænu Bókhalði). Skiladagar beggja skýrsla er 1. maí ár hvert. Ársyfirliti rekstraraðila vegna ársins 2022 hefur verið skilað. Í ársyfirlitinu kemur fram að losun næringarefna í viðtaka er undir losunarmörkum starfsleyfisins.

3. Gott eldisvatn er í Fagradal. Rekstraraðili skilaði gögnum árið 2020 sem sýna að E.coli og aðrir gerlar finnast ekki í neysluvatni (eldisvatni).

Niðurstöðum tilskyldra mælinga á svifögnum og lífrænu efni ásamt heildarfosfór og heildarköfnunarefni hefur ekki verið skilað fyrir árið 2022. Það er frávik frá kröfum í starfsleyfi. Í samræmi við grein 4.3 í starfsleyfi skal skila niðurstöðum mælinga tvisvar á ári.

4. Tilskildar áætlanir liggja fyrir.

5. Þrjú hættuleg efni eru notuð í stöðinni. Virkun S sem notað er uppleyst í vatni til sóttvarna (vírusdrepani eiginleikar), Foam 22 sem er alkalísk kvoðusápa til þrifa og Krafhreinsir með klór sem leysir upp fitu, prótein og önnur lífræn óhreinindi ásamt því að eyða lykt.

Efnin eru notuð í litlu magni. Ábending var gerð um að geyma ílát með hættulegum efnum í lekabyttum.

6. Með fundarboðinu fylgdi kynning á gagnagrunni Umhverfisstofnunar um mengaðan jarðveg. Engir olíugeymar eru í fiskeldinu né annars staðar í Fagradal. Allt vatn er sjálfrennandi og því eru varaafstöðvar óþarfar. Rafmagn er framleitt á staðnum í heimavatnsaflsstöð og vatn frá vatnsaflsstöðinni er síðan tekið inn í fiskeldið.

7. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu. Engar

breytingar hafa orðið á rekstrinum eða umfangi stöðvarinnar frá síðasta eftirliti.

8. Einungis er alin bleikja til slátrunar og vinnslu í Fagradal. Leyfi fyrir matvælavinnslu og vatnstökuholu eru hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands. Um 20.000 seiði eru tekin inn í stöðina árleg og eru þrír árgangar að jafnaði í stöðinni. Um 2 lítrar af seiðum eru keypt frá Hólaskóla árlega. Samkvæmt skýrslu frá Gísla Jónssyni dýralækni fisksjúkdóma er heilbrigði fisksins mjög gott.

Engar kvartanir hafa borist vegna starfseminnar og er starfsemin óbreytt á milli ára. Umgengni er góð.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
ákvæði í grein 4.3 í starfsleyfi	Taka skal sýni og mæla efni í vatnsinntaki stöðvarinnar og í útrás frárennslis. Niðurstöðum mælinga skal skila til eftirlitsaðila tvisvar á ári. Þær hafa ekki enn borist til stofnunarinnar.

ÁBENDINGAR

Ábending var gerð um að geyma ílát með hættulegum efnum í lekabyttum.

ANNAÐ

Ný gjaldskrá Umhverfisstofnunar hefur tekið gildi og var kynnt rekstraraðila.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 08.05.2023



Gottskálk Friðgeirsson